

Ed.

454. Breytingartillögur

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að verja fé til eflingar bindindisstarfsemi.

Frá Gísla Jónssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
Ríkisstjórninni er heimilt að verja árlega 300 þús. krónum úr ríkissjóði til bindindisstarfsemi og áfengisvarna í landinu.
2. Á eftir 1. gr. komi ný grein, er orðist svo (greinatalan breytist samkv. því):
Ráðherra skipar 3 manna áfengisvarnaráð, einn eftir tilnefningu Stórstúku Íslands, annan eftir tilnefningu lækna ráðs Íslands og þann þriðja án tilnefningar, og er hann formaður ráðsins. Ráðið gerir tillögur um það, á hvern hátt fé samkv. 1. gr. skuli varið.
3. Við fyrirsögn frv. Aftan við fyrirsögnina bætist: og áfengisvarna.